

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 22. október 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-68/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á mótorhjól hjá versluninni Y. Álitsbeiðandi segir mótorhjólilið vera gallað og vill rifta kaupunum. Þá krefst álitsbeiðandi þess að seljandi greiði kostnað við ábyrgðartryggingu hjólsins, kr. 62.112, og vexti af báðum fjárhæðunum.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 16. september sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 29. september. Engin andsvör bárust. Með bréfi, dags. 7. október sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Samkvæmt reikningi, dags. 1. mars 2009, keypti álitsbeiðandi framangreint mótorhjól hjá Y fyrir kr. 385.000 og segist álitsbeiðandi hafa fengið það afhent 4. s.m. Hann segir að í hjólið hafi vantað þjófavarnarkerfi sem seljandi hafi lofað að fljótlega yrði sett í en við það hafi hann ekki staðið. Strax og hann hafi fengið hjólið afhent hafi komið í ljós mikill bensínleki sem seljandi hafi reynt að laga en ekki tekist. Íbúar hússins þar sem hann býi hafi krafist þess að hjólið yrði fjarlæggt úr kjallara hússins. Nokkrum dögum eftir að hann hafi fengið hjólið afhent hafi hann farið til seljanda og kvartað skriflega undan eftirtöldum atriðum:

1. Bensínleki á bensínkrana
2. Vélin fer alls ekki í gang lengur
3. Hraðamælir og vegteljari óvirkur
4. Stefnuljósa gaumljós óvirkt
5. Mjög grófur gangur í vél, nánast ekki hægt að aka með jöfnum hraða fyrir rykkjum
6. Beygla á framgaffli
7. Skemmd á lakki á bensíntank
8. Grænt ljós fyrir hlutlausan gir logaði, en var samt í gir. Ég datt næstum með hjólið
9. Ástig fyrir farþega skakkt ... marglofað að lagfæra án aðgerða
10. Krómgrind að aftan er losaraleg og er á hreyfingu þegar hjólinu er lyft á standara
11. Vindhlífín er mikið rispuð og afar ljót sem nýr hlutur
12. Á vissum hraða í akstri nötrar eitthvað af titringi svo það syngur hátt í hjólinu
13. Gulllituð rönd á kistum er laus eða ófrágengin
14. Frágangur og samsetning almennt illa unnin og losaraleg og vafalaust er fleira athugasvert en þetta hér að ofan — til skammar fyrir fyrirtækið

15. Viðbrögð við þessum vandamálum af hálfu seljanda hafa verið afar slök og fólk í húsinu þar sem ég á heima vill banna mér að setja hjólið inn í sameiginlegan kjallara vegna bensínstybbu og eldhættu.

Álitsbeiðandi kveðst hafa að beiðni viðgerðarmanns seljanda afhent nýjan lista yfir það sem hann taldi vera að hjólinu þegar hann hafi komið með það í 500 km skoðun og þá hafi seljandi lofað að allt yrði lagfært sem athugasvert væri. Þremur vikum síðar hafi ekki verið byrjað á lagfæringum og þá hafi hann gefist upp og farið með málið til Neytendasamtakanna. Í þessum síðari lista eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

„Skipt var fyrir skömmu um framgaffal í heilu lagi ásamt stýri, handföngum, mælum og lugtum vegna smábeyglu á krómhólk á gafflinum. Þessi framgaffall og allt sem honum fylgdi var gamalt og notað þegar að var gáð og lugtirnar rispaðar. [Álitsbeiðandi segir að þetta hafi verið gert eftir að hann hafi komið með hjólið til seljanda 19. mars sl.]

1. Framgaffallinn sem settur var á hjólið er með óvirka dempun (vökvadempari) og er stór varasamt að aka á malarvegi því það heggur stöðugt í botn við minnstu ójöfnu og er búið að skemma frambrettið við þessi botnslög.
2. Blöndungurinn gefur of magra blöndu og vélin sveltur og hikstar í akstri. Ég verð stöðugt að nota innsog til að fá jafnari gang og einhverja vinnslu.
3. Í köldu veðri er mjög erfitt að skipta um gíra og stundum reyndar ómögulegt þar til búið er að hita vélinu og gírkassann.
4. Þegar skipt var um gaffalinn voru einnig settir gamlir mælar og þeir hafa ryðgað daglega þar sem hjólið stendur undir svölum. Ég hefi reynt að nota krómhreinsi og bón á krómið en ekkert dugar. Stýrið og mælarnir ryðga jafnharðan. Skrufurnar sem halda vindhlífinni eru kolryðgaðar og voru það ekki áður en skipt var um gaffalinn.
5. Ljós vantar í snúningsmælinn.
6. Krómgrindin að aftan er losaraleg og hreyfist þegar hjólinu er lyft á standara.
7. Lok yfir lás á boxi að aftan vantaði þegar ég fékk hjólið og rignir í lásinn.
8. Þjófavörn vantar í hjólið en hún átti að fylgja í verðinu.
9. Bensínælir er óvirkur—aðeins neðsta ljósið logar.“

Þá segir áfram í hinni skriflegu kvörtun:

„Nú er hjólið óökufært og fer ekki í gang— og það áður en það er tekið í notkun — á bara að bíða eftir því að seljanda þóknist að sinna mér. Hjólið er keypt 4. mars og í dag 19. mars hefur hjólið ekki enn verið tekið í notkun og ekkert gert af hálfu seljanda til að lagfæra eða aðstoða mig. Ég vil helst af öllu að kaupin gangi til baka ... þetta er ömurlegt fyrir mig að eyða öllu mínu sparifé í þetta hjól og sitja uppi með svona þjónustu.“

Álitsbeiðandi kveðst hafa beðið seljanda um að taka við hjólinu og endurgreiða kaupverðið en hann sagði að það væri alls ekki mögulegt.

IV

Niðurstaða kærufndarinnar

Kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærufnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Samkvæmt því sem kemur fram í gögnum málsins keypti álitsbeiðandi nýtt mótorhjól af Y 1. mars 2009. Eins og að framan er rakið telur álitsbeiðandi fjölmarga galla vera á hjólinu. Seljanda hefur verið gefið tækifæri til þess að taka afstöðu til lýsingar álitsbeiðanda á þeim göllum sem hann telur vera á hjólinu og þeirra krafna sem hann gerir þeirra vegna. Seljandi hefur ekki nýtt sér það tækifæri. Það leiðir til þess að kærunefndin verður við afgreiðslu málsins fyrst og fremst, að því er málsatvik varðar, að taka mið af lýsingu álitsbeiðanda sem rakin hefur verið hér að framan.

Í 1. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 segir m.a. eftirfarandi:

Ef annað leiðir ekki af samningi skal söluhlutur:

- a. henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til;
- b. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað;
- c. henta í ákveðnum tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að neytandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess.

Í 16. gr. sömu laga segir að söluhlutur teljist vera gallaður sé hann ekki í samræmi við þær kröfur sem komi fram í 15. gr. laganna.

Kærunefndin telur ljóst af lýsingu álitsbeiðanda að mótorhjólið sem hann keypti er haldið slíkum göllum að það sem nýr söluhlutur svarar engan veginn til þeirrar lýsingar á þeim kostum sem söluhlutur á að vera búinn samkvæmt þeim ákvæðum 1. mgr. 15. gr. laga nr. 48/2003 sem að framan eru rakin.

Þegar svo hagar til er í 26. gr. laga nr. 48/2003 kveðið á um úrræði til handa neytanda og samkvæmt d-lið 1. mgr. getur neytandi krafist riftunar samkvæmt ákvæðum 32. gr. laganna. Samkvæmt þeirri lagagrein getur neytandi krafist riftunar á kaupum nema galli á söluhlut sé óverulegur. Í álitsbeiðni kemur fram að seljandi hefur að einhverju leyti reynt að bæta úr þeim göllum sem álitsbeiðandi segir vera á mótorhjólinu en með takmörkuðum árangri. Enda þótt tillit sé tekið til þessara tilrauna seljanda er það samt sem áður álit kærunefndarinnar að mótorhjólið sé engu að síður haldið verulegum göllum sem leiðir til þess að fallast verður á kröfu álitsbeiðanda um riftun kaupanna.

Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að seljandi greiði vexti af kaupverðinu. Sú krafa á sér stoð í 2. mgr. 50. gr. laga nr. 48/2003, en þar segir að eigi seljandi að endurgreiða kaupverðið beri honum að greiða vexti í samræmi við ákvæði vaxtalaga frá þeim degi er neytandi tilkynnti seljanda að hann mundi bera fyrir sig gallann. Samkvæmt því sem kemur fram í álitsbeiðni kveðst álitsbeiðandi hafa beðið seljanda að „taka við hjólinu“ 19. mars sl. Seljanda ber því að greiða vexti af kaupverðinu frá þeim degi í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Álitsbeiðandi gerir þá kröfu að seljandi greiði honum kostnað vegna ábyrgðartryggingar á mótorhjólinu, kr. 62.112. Samkvæmt upplýsingum frá tryggingarfélagi álitsbeiðanda sem álitsbeiðninni fylgdi er mótorhjólið tryggt frá 4. mars 2009 til 28. febrúar 2010. Iðgjald af ábyrgðartryggingu með 75% bónus er kr. 7.156 og af slysatryggingu ökumanns og eiganda kr. 54.953.

Í 52. gr. laga nr. 48/2003 segir að skaðabætur af hálfu annars samningsaðila skuli svara til þess tjóns, þ.m.t. vegna útgjalda, verðmunar og tapaðs hagnaðar, sem gagnaðili bíði vegna vanefndanna. Þetta gildi þó einungis um það tjón sem aðili hafi getað sé fyrir sem hugsanlega afleiðingu vanefnda.

Í því tilviki sem hér um ræðir verður að líta til þess að álitsbeiðandi hafði nokkur not af mótorhjólinu þótt þau hafi eflaust verið minni en fyrirhuguð voru auk þess sem umkrafðar fjárhæðir eru fyrir tryggingar allt fram til febrúar 2010 og honum vel tækt að taka mótorhjólíð úr ábyrgð hafi hann ekki not af því. Það er því niðurstaða kærufndarinnar að ekki séu forsendur fyrir því að lagt verða á seljanda að greiða þessa kröfu að hluta eða í heild.

V

Álitsorð

Álitsbeiðandi, X, á rétt til að rifta kaupum á mótorhjólum sem hann keypti hjá versluninni Y 1. mars 2009. Gegn skilum á mótorhjólinu ber Y að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverðið, kr. 385.000, með vöxtum í samræmi við ákvæði 3. og 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 19. mars 2009 til greiðsludags.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir